

Skólanámskrá

Anna Birna Einarsdóttir

2022



# Skólanámskrá Fellaskóla

## Innihald

Inngangur .....	3
Skólanámskrá Fellaskóla er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár. ....	3
Í skólanámskránni er gerð grein fyrir áherslum í námi og kennslu, sérstöðu skólans og aðstæðum sem nýttar eru til að efla nám og kennslu og þeim gildum sem starf skólans byggir á. ....	3
Fellaskóla haust 2021 .....	3
Anna Birna Einarsdóttir .....	3
Skólastjóri .....	3
Ágrip af sögu skólahalds í Fellum .....	4
Nærsamfélag .....	5
Bókvit – siðvit - verkvit .....	6
Skólastefna Fellaskóla .....	6
Markmið í ljósi ákvæða aðalnámskrár.....	6
Kennslufræðileg stefna.....	7
Markmið .....	7
Framkvæmd.....	7
Sérstaða Fellaskóla .....	7
Útfærsla Fellaskóla á grunnþáttum menntunar.....	8
Læsi.....	8
Byrjendalæsi .....	8
Sjálfbærni .....	9
Heilbrigði og velferð .....	10
Jafnrétti .....	10
Jafnréttisáætlun Fellaskóla.....	10
Sköpun.....	15
Lýðræði og mannréttindi.....	15
Námfús .....	18
Skil á námsmati til foreldra.....	18
Samræmd próf .....	18
Forföll og leyfi nemenda.....	18
Forföll .....	18
Leyfi .....	18
Móttaka nýrra nemenda .....	18
Samstarf við aðra skóla og stofnanir .....	20

## Skólanámskrá Fellaskóla

Fellaskóli og leikskólinn Hádegishöfði .....	20
Fellaskóli og Grunnskólinn Borgarfirði eystra .....	21
Grunnskólar í sameiginlegu sveitafélagi Múlaþings .....	21
Skóladagatal og hefðbundnir viðburðir.....	22
Útivika.....	22
Öskudagur .....	22
Kynningarkvöld.....	22
Foreldrasamtöl .....	22
Skertir dagar .....	23
Jólaþemadagur .....	23
Þorrablót.....	23
Skíðaferðalag .....	23
Árshátíð .....	<b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>
Föstudagurinn stutti .....	23
Mývatnsferð .....	23
Öryggis- og slysavarnir.....	24
Viðbrögð við slysum .....	24
Brunavarnaráætlun nemenda .....	24
Brunavarnaráætlun starfsfólks.....	25
Óveður.....	25

## Inngangur

Skólanámskrá Fellaskóla er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár.

Í skólanámskránni er gerð grein fyrir áherslum í námi og kennslu, sérstöðu skólans og aðstæðum sem nýttar eru til að efla nám og kennslu og þeim gildum sem starf skólans byggir á.

Fellaskóla vor 2022

Anna Birna Einarssdóttir

Skólastjóri

## Ágrip af sögu skólahalds í Fellum

Fellaskóli í Fellabæ er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-15 ára (1.-10. bekk) og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla. Hann stendur ofarlega í þorpinu sem er á vestari bakka Lagarfljóts en handan fljótsins í 3ja km fjarlægð eru Egilsstaðir. Frá skólanum er ákaflega opið og fallegt útsýni með hin lágu en aðlaðandi Fell miðsvæðis en af þeim dregur sveitin nafn sitt. Fellaskóli er einn af 3 grunnskólum sem reknir eru í sveitarfélagini Fljótsdalshéraði sem varð til árið 2004 og nær yfir hin 3 eldri sveitarfélög Fellahreppe, Austur-Hérað og Norður-Hérað.

Formlega uppfræðslu barna í Fellum, í gegnum aldirnar, önnuðust prestar, svo sem annarsstaðar tíðkaðist á landinu. Veturinn 1889-’90 réð Sigurður Gunnarsson prestur á Ási, Bjarna nokkurn Jónsson, til að sinna farkennslu í Fellum. Er það fyrsti kennari sem vitað er um í Fellum. Farkennsla er síðan viðhöfð frá um 1913 -1943.[\[1\]](#) Á því ári var fyrirkomulaginu breytt, farkennslu hætt, og skólahald haft á Helgafelli undir umsjá Helga Gíslasonar og Gróu Björnsdóttur. Var þar rekinn heimavistarskóli frá 1943-1955. Frá 1955 - ’56 var skólinn á Skipalæk, 1956-1960 á Skeggjastöðum, en aftur á Skipalæk 1960- ’63.[\[2\]](#) Frá því um miðjan 7. áratuginn og fram til stofnunar Fellaskóla sóttu flest börn úr Fellum nám sitt til Grunnskólans á Egilsstöðum, en nokkur sóttu bó skólann að Hallormsstað.[\[3\]](#)

Skólamál í Fellum voru mjög til umræðu næstu árin í hreppnum. Niðurstaða fæst að lokum á níunda áratugnum þegar sérstök skólabygging er reist í Fellabæ, og var tekin í notkun haustið 1986.[\[4\]](#) Fellaskóli var fyrst starfræktur árið 1987 sem sjálfstæð stofnun en árið áður hafði hann verið starfræktur sem skólasel frá Egilsstaðaskóla. Árið 2001 var skólinn stækkaður allmikið, og viðbygging tekin í notkun, sem rúmar nokkrar skólastofur, skrifstofur og kennarastofu.


Rúmlega þriðjungur nemenda skólans kemur úr öðrum skólahverfum. Af þeim sem eru úr skólahverfi Fellaskóla er flestir úr þéttbýliskjarnanum Fellabæ en um sjötti hluti þeirra er úr sveitinni í kring. Því fylgir skólaakstur en einnig þarf að aka nemendum í sund yfir í Egilsstaði en íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsini í Fellabæ sem tekið var í notkun í janúar 2005.

Í Fellaskóla er Tónlistarskóli Fellabæjar einnig til húsa og hefur verið svo í rúm 20 ár.

[1] Fellamannabók, 1991: 190-194.

[2] Fellamannabók, 1991: 204 - 209.

[3] Fellamannabók, 1991: 210.



[4] Fellamannabók, 1991:216.

Hér má sjá afstöðu skólans á Fljótsdalshéraði ásamt fyrsta merki skólans.

## Nærsamfélag

Fellaskóli í Fellabæ er grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6-15 ára (1.-10. bekk) og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla. Hann stendur ofarlega í þorpinu sem er á vestari bakka Lagarfljóts en handan fljótsins í 3ja km fjarlægð eru Egilsstaðir. Frá skólanum er ákaflega opið og fallegt útsýni með hin lágu en aðlaðandi Fell miðsvæðis en af þeim dregur sveitin nafn sitt. Fellaskóli er einn af 3 grunnskólum sem reknir eru í sveitarféluginu Fljótsdalshéraði sem varð til árið 2004 og nær yfir hin 3 eldri sveitarfélög Fellahrepp, Austur-Hérað og Norður-Hérað. Fellabær er þéttbýlið við Fljótið, sem skólinn stendur í, og þar búa um 400 manns (2018). Í Fellabæ er starfræktur leikskólinn Hádegishöfði, og er náið samstarf haft við hann um farsæla skólabyrjun tilvonandi nemenda 1. bekkjar.

Veturinn 2021 – 2022 eru nemendur 96 talsins og hefur nemendafjöldinn tvöfaldast frá árinu 1990. Alls koma tæplega 30 starfsmenn mismikið við sögu. Fellaskóli var fyrst starfræktur árið 1987 sem sjálfstæð stofnun en árið áður hafði hann verið starfræktur sem skólasel frá Egilsstaðaskóla en næstu ár þar á undan höfðu nemendur í Fellum stundað nám á Egilsstöðum.

Skólahverfi Fellaskóla er hinn gamli Fellahreppur, frá Rangá að utan að Hrafnsgarðisá að innan. Rúmlega þriðjungur nemenda skólans kemur úr öðrum skólahverfum. Af þeim sem eru úr skólahverfi Fellaskóla er flestir úr þéttbýlkjarnanum Fellabæ en um sjötti hluti þeirra er úr sveitinni í kring. Því fylgir skólaakstur en einnig þarf að aka nemendum í sund yfir í Egilsstaði en íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsinu í Fellabæ sem tekið var í notkun í janúar 2005.

Í Fellaskóla er Tónlistarskóli Fellabæjar einnig til húsa og hefur verið svo í rúm 20 ár. Foreldrafélag er starfrækt við skólans, og er tilgangur þess að vera samráðs- og samstarfsvettvangur við skólann. Stjórn foreldrafélagsins skipa fimm fulltrúar foreldra.

## Skólastefna Fellaskóla

# Bókvit – siðvit - verkvit

„Fellaskólavitin“ bókvit, siðvit og verkvit eins og koma fram í ljóðlínnum Stephans G. Stephanssonar eru skólastefna Fellaskóla. Öll þessi „vit“ eru jafn mikilvæg og þau ber að þroska jafnt og þétt.

Í eftirfarandi ljóðlínum Stephans G. Stephanssonar koma viðhorf hans til menntunar skýrt fram og viljum við gera þau að okkar.

Þitt er menntað afl og önd,  
eigirðu fram að bjóða:  
Hvassan skilning, haga hönd  
hjartað sanna og góða.

Menntun er að búa yfir hvössum skilningi (efla bókvit), að eiga haga hönd (efla verkvit) og síðast en ekki síst að hafa gott hjartalag (efla siðvit). Sá er menntaður sem hugsar og framkvæmir þannig að vönduðum manni sæmi. Áherslan í menntun byggir á þeim sex grunnstoðum menntunar sem eru skilgreindar í nágildandi aðalnámskrá. Í Fellaskóla er lögð jöfn áhersla á bóklega og verklegar greinar og leitast við að flétta verklega færni inn í bóklegar námsgreinar s.s. með markvissu samstarfi list- og verkgreinakennara og umsjónarkennara. Leitast er við að hafa jafnvægi á milli þess að halda í hefðir í skólastarfinu og að stuðla að nýbreytni. Lögð er áhersla á góða samvinnu skóla og heimilis.

Einkunnarorð skólans hafa lengi verið „mennt er máttur ef þú ert sáttur“ og komu þau frá fyrrum nemanda. Við höfum þessi orð á bak við eyrað í skipulagi skólans og leitumst við að leggja áherslu á þetta í öllu okkar skipulagi. Þegar við gerum okkar besta erum við sátt – þegar við náum árangri í því sem við erum að fást við erum við sátt. Markmiðið verður alltaf að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda en við veljum að færa áherslurnar yfir á námið.

## Markmið í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Í 2. gr. laga um grunnskóla nr.91/2008, er markmiði grunnskóla skilgreint, þar segir að hlutverk grunnskóla sé í samvinnu við heimilin að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sifelldri þróun.

Krafa samfélagsins er að börn fái almenna haldbæra menntun sem nýtist þeim í leik og starfi og að þau verði heilsteyptar manneskjur sem geti greint á milli þess hvað er rétt og hvað er rangt.

Sérkenni Fellaskóla eru öflug útikennsla, nálægð við náttúruna og grenndarsamfélagið, áhersla á skapandi námsgreinar og skapandi nálgun í kennslu bóklegra námsgreina, samvinna og samvera.

## Kennslufræðileg stefna

Skólaárið 2020 var unnið að því að breyta kennsluháttum í Fellaskóla úr hefðbundinni bekkjarkennslu í sumum árgöngum og samkennslu í öðrum yfir í teymis- og samkennslu allra kennara og árganga. Á yngsta – og miðstigi er skipulagt út frá þemum en á unglungastigi er lotubundið skipulag þar sem allar kennslugreinar fléttast saman.

Lögð er áhersla á útinám og útikennslu á yngsta og miðstigi. Þar er skipulagt úr frá ákveðnum þemum og inn í þau fléttast allt nám. Þar á meðal list og verkgreinar.

### Markmið

Markmiðin með þessum breytingum á kennsluháttum eru að:

- Auka virkni og áhuga nemenda
- Efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda
- Skapa meiri samfelli í námi nemenda
- Auka samstarf og samvinnu
- Efla samkennd og skilning
- Fjölbreyttari leiðir fyrir nemendur
- Efla skapandi hugsun og úrvinnslu í námi
- Bæta nám og námsárangur nemenda
- Nýta fagmennsku starfsfólk betur

### Framkvæmd

Tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrá grunnskóla. Hvert stig er með eins stundatöflu þannig að auðveldara sé að kenna þvert á árganga og samræma ferðir, list- og verkgreinar, uppákomur og annað sem á sér stað í skólanum. Skólaárið 2020 – 2021 var nemendum eingöngu skipt upp í árganga í sundi og umsjónarhópar voru settir saman þvert á árganga. Við lok skólaárs var unnin könnun á því sem nemendum og kennurum þótti ganga vel og var vilji til að halda áfram með og hvað þótti ekki ganga nógu vel og var ástæða til að endurskoða. Út frá þessu innra mati var stundatafla skólaársins 2021 – 2022 unnin og þar er nemendum aftur skipt upp í umsjónarhópa samkvæmt árgangi – þrír samkennsluhópar eins og áður en leitast við að hafa opna tíma s.s. lotuvinnutíma þar sem nemendur geta unnið saman þvert á árganga og fengið aðstoð frá þeim kennurum sem eru á svæðinu. Starfsmenn teyma vinna saman að undirbúningi kennslulota og öllu er lítur að skipulagi og mati á námi.

Leitast er við að hafa sveigjanleika í stundskránni svo auðvelt sé að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum þvert á öll skólastig s.s. árshátíð, val, árviss þemaverkefni skólans og fl.

## Sérstaða Fellaskóla

Í Fellaskóla er í bland, leitast við að halda í þær hefðir sem skapast hafa í skólastarfinu en jafnframt gera breytingar í takt við áherslur í skólastarfi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og þarfir og væntingar samfélagsins. Þannig hefur föndurdagur í Fellaskóla alltaf verið á laugardegi og þá mætingarskylda fyrir nemendur með þeim formerkjum að allir fari degi fyrr en aðrir skólar í jólafrí. Í

ár var ákveðið að kanna hug foreldra og nemenda til þessa og sendur var út spurningarlisti þar sem hægt var að velja um þrjá kosti. Einn kosturinn var að hafa jólauföndurdaginn með óbreyttu sniði en hinir tveir kostirnir voru breytingar. Niðurstaðan varð sú að fleiri foreldrar/ nemendur og starfsmenn kjósa að hafa föndurdaginn á skólatíma s.s. föstudegi og þá með svipuðu sniði og áður þar sem nemendur og foreldrar fara um skólann og taka þátt í dagskránni á mismunandi verkstöðvum. Í ár líkt og síðasta ár verður ekki hægt að bjóða neinum utanaðkomandi inn í skólann vegna heimsfaraldursins covid sem hefur haft áhrif á allt samstarf skólans við utanaðkomandi aðila s.s. foreldra.

Sérstaða Fellaskóla liggur í staðsetningunni. Skólinn stendur á klöpp og þar er útsýni yfir fell og fljót. Nemendur hafa greiðan aðgang að skógarrjóðri sem kallast verndarsvæðið og þar fer fram kennsla allan ársins hring. Þannig er lögð áhersla á að vinna úr þessari forréttindastöðu með útinámi og útikennslu. Við byrjum einnig hvert skólaár með útvistarviku þar sem gengið er um nágrennið. Þá eru einnig gengnar þrjár mismunandi gönguleiðir á skólastigunum. Markmiðið er að nemendur kynnist sínum heimaslöðum og læri hvað þær hafa upp á að bjóða.

Hér má sjá gönguleiðirnar sem rúlla á þriggja ára fresti;

Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig
Hrafnafell/ Dansgjá	Fjallsel/ Meðalnes	Rangárhnjúkur
Hallormsstaðaskógur	Bjargselsbotnar	Hallormsstaðaháls
Húsatjörn á Eiðum	Stapavík	Stórurð

Á einum af fyrstu skóladögum haustsins er einnig hefð fyrir því að ganga í Freysnes og dvelja þar hluta úr degi við fljótið, grilla pylsur og tína ber.

## Útfærsla Fellaskóla á grunnþáttum menntunar

Í 2. grein laga um grunnskóla er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í því felst krafan um að nám sé á forsendum hver og eins nemanda og fari fram í hvetjandi náumuhverfi þar sem nemendur finna fyrri öryggi og fá notið hæfileika sinna.

Í Fellaskóla er leitast við að útfæra grunnþætti aðalnámskár í náminu.

Læri er einn af sex grunnþáttum menntunar og meginmarkmiðið er að nemendur séu virkir þáttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn.

Í vinnslu er lestrarstefna Fellaskóla en þar kemur m.a fram mikilvægi þess að skólinn hlúi sem mest og best að góðri færni allra nemenda í lestri og læsi. Allt annað nám byggir á góðri lestrarfærni og leikni í að tjá sig í rituðu máli.

### Læsi

#### Byrjentalæsi

Byrjentalæsi er samvirk kennsluaðferð sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestri og ritun felld inn í eina heild undir hatti læsis. Unnið er með svokallaðan gæða texta eða vandaðar barnabækur og er innihald þess texta sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu,

jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Helsti kostur Byrjendalæsis er að nemendur læra skilvika tækni til að lesa stöðugt ný orð sem koma fyrir í texta. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði setningarbygging og málfræði tengd inn í ferlið. Í stafainnlögn er lögð áhersla á hllóða aðferð. Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákana hljóð orðanna í talmálinu.

## Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólk kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Umhverfi og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag.

Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna og það læra þau í útikennslu og útinámi. Við búum svo vel að vera í mikilli nálægð við fjölskrúðuga náttúru. Búum við Lagarfljótið, erum umvafin fellum sem skarta margbreylegum gróðri og höfum útikennslusvæði sem kallast Verndarsvæði og er staðsett í litlu skógarjóðri fyrir neðan skólann.

En sjálfbærni er fólgin í fleiri þáttum en að skilja og kunna að lesa í náttúruna. Hún felst líka í því að kunna að bjargar sér í náttúrunni. Huga að velferð náttúrunnar og alls sem í henni hrærist. Umhverfisitund, ábyrgð mannfólksins gagnvart náttúrunni og þá hvernig við göngum um auðlindir hennar.

Í veturn er Fellaskóli þáttakandi í stóru verkefni allra grunnskóla í nýju sameinuðu sveitafélagi á austurlandi. Verkefnið kallast Heimsmarkmiða „BOOTCAMP“. Það leiðir ungt fólk í gegnum ferli skapandi hugsunar og lausnaleitar í hugmyndavinnu tengdri heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Markmiðið er að nemendur fái tækifæri til þess að koma með hugmyndir um hvernig alþjóðasamfélagið, þeirra nær samfélag og þau sjálf geti lagt sitt að mörkum til að vinna að þeim heimsmarkmiðum sem tekin eru til umfjöllunar í hverju Heimsmarkmiða “Bootcamp”-i.

Um er að ræða 5 BOOTCAMP smiðjur sem hver fjallar um eitt af eftirtöldum heimsmarkmiðum:

3. Heilsa og vellíðan.

Stuðla að heilbrigðu lífneri og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

4. Menntun fyrir alla.

Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi

11. Sjálfbærar borgir og samfélög.

Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.

12. Ábyrg neysla og framleiðsla.

Stuðla að því að sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.

13. Aðgerðir í loftlagsmálum.

Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Við væntum þess að nemendur og kennarar fái tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn og að verkefnið eflí hæfni nemenda í nýskapandi hugsun í tengslum við raunveruleg verkefni tengd heimsmarkmiðunum.

Á haustin byrjar skólinn á útvistarviku þar sem allir nemendur ganga með markvissum hætti um fjöll og firnindi í grenndarsamfélagi skólans. Í þessum ferðum er leitast við að flétta inn fræðslu og þekkingu tengda þeim stöðum sem farið er á. Allt þetta stuðlar að sjálfbærri hugsun þar sem nemendur læra inn á sitt nánasta umhverfi, gróður, lífríki og landslag.

## Heilbrigði og velferð

Í aðalnámskrá segir að heilbrigði og velferð byggi á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í Fellaskóla er lögð áhersla á útiveru og hreyfingu. Allir nemendur nema á unglungastigi fara út í frímínútur tvisvar á dag. Þar fyrir utan er útinám á dagskrá allt árið um kring og þar er lögð áhersla á mikilvægi útvistar og hreyfingar. Einn dag í viku er hjúkrunarfæðingur í skólanum og nemendur geta leitað til hennar með það sem snýr að andlegri og líkamlegri heilsu. Hjúkrunarfæðingur er einnig með fasta fræðslu inni í árgöngunum s.s. um kynþroska, sjálfsmynd, heilbrigði og velferð og fl.

Með auknu vali á unglungastigi er leitast við að taka mið af þörfum nemenda á einstaklingsbundinn hátt og byggja þannig upp jákvæða sjálfsmynd hjá unglungunum. Við reynum að skapa öllum tækifæri til þess að njóta styrkleika sinna.

Á haustin taka nemendur þátt í skólahlaupi, það eru útvistardagar með fjallgöngum, skólahreystival og íþróttamót allra skóla á svæðinu á vorin. Allt þetta og meira til er gert með því markmiði að kveikja áhuga nemenda á hreyfingu og efla þrótt og þrek til að takast á við áskoranir lífsins.

## Jafnrétti

Í Fellaskóla er leitast við að skapa öllum nemendum tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum með viðeigandi viðfangsefnum. Öllum eiga að standa til boða sömu tækifæri til náms og ákvarðanatöku.

Við skólann er starfandi nemendaráð sem fundar einu sinni í mánuði og tekur ákvarðanir um ýmis mál í skólanum s.s. uppákomur, reglur í frímínútum og þ.h.

Við skólann er einnig starfandi skólaráð skipað tveimur nemendum og þar hefur rödd nemenda jafn mikið vægi og rödd foreldra, kennara og starfsfólks skólans.

## Jafnréttisáætlun Fellaskóla

### Inngangur

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun. Fellaskóli sem telur 28 starfsmenn hefur sett sér sína eigin jafnréttisáætlun sem skal endurskoðuð á þriggja ára fresti. Jafnréttisáætlun var gerð haustið 2018 og verður næst endurskoðuð haustið 2021. Tilgangurinn með lögnum er fyrst og fremst sa að þannig sé best tryggt að hæfileikar og færni allra fái notið sín. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 ([www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html)) og í Aðalnámskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélagini, fjölskyldu- og atvinnulífs.

Markmið námsins, kennslunnar og starfhættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun meðal annars vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar og trúarbragða.

Jafnréttisáætlun Fellaskóla nær til allra starfsmanna og nemenda skólans. Gott hjartalag er einn af hornsteinum í stefnu skólans. Þetta góða hjartalag á að koma fram í leik og starfi allra sem nema og starfa í Fellaskóla. Jafnrétti milli kynja, hæfileika, fötlunar, þjóðernis, aldurs, trúar og kynþátta skal alltaf vera virkt í Fellaskóla. *Jafnrétti án virðingar er óhugsandi.* Í Fellaskóla á sér reglulega stað innra mat á skólastarfinu, hvort sem um er að ræða starfsmannavöxtöl, starfsmannakannanir eða kannanir meðal nemenda og foreldra. Með þessum könnunum gefst gott tækifæri til að kanna og leggja mat á stöðu jafnréttismála í skólanum.

Jafnréttisáætlun Fellaskóla er í samræmi við jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs  
[https://www.fljotsdalsherad.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/nefndir\\_og\\_fulltruar/jafnrettisaetlun\\_fljotsdalsherads.pdf](https://www.fljotsdalsherad.is/static/files/Skjol/Samth-regl-stefnur/nefndir_og_fulltruar/jafnrettisaetlun_fljotsdalsherads.pdf). Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir öllum þeim sem að skólastarfinu koma. Þar sem um grunnskóla er að ræða er hún kynnt sérstaklega fyrir foreldrum og er þar lögð áhersla á þann hluta hennar sem snýr að nemendum. Áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk skólans hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákváðanatöku og skal reynt að tryggja það með sem bestum hætti. Sérstök ábyrgð er lögð á herðar skólastjórnenda en þeim ber, samkvæmt 22. gr. jafnréttisлага, að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur og starfsfólk verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum eða á vinnustað. Þeir eiga auk þess, samkvæmt 23. gr. jafnréttisлага, að leggja áherslu á að allt skólastarf miði að því að undirbúa nemendur af báðum kynjum fyrir einkalíf, fjölskyldulíf, félags- og atvinnulíf. Einnig að námsefni mismuni ekki kynjum og að í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum öll störf óháð því hvort þau hafi verið talin til hefðbundinna kvenna- eða karlastarfa. Starf skólans skal miða að því styrkja sjálfsmynd nemenda og að starfsfólk sé meðvitað um að nemendur eru fjölbreyttur hópur sem býr yfir mismunandi hæfileikum og áhuga.

### Starfsfólk

Starfsmenn skólans eiga að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú, fötlun eða kynhneigð. Þeir eiga einnig að búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er í skólanum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þess skal gætt að á hverjum tíma hafi allir starfsmenn skólans gefið leyfi til þess að aflað sé upplýsinga úr sakaskrá sem meðal annars snúa að kynferðisbrotum. Öllum starfsmönnum þarf að vera ljóst að áreitni/einelti og annað ofbeldi verði aldrei liðin í skólanum. Stjórnendur bera ábyrgð á því að áreitni/einelti og eða ofbeldi viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum. Ef upp koma árekstrar skal hafa samband við skólastjórnendur eða trúnaðarmenn. Eigi yfirmaður í hlut að máli skal því strax vísað til fræðslufulltrúa.

Í anda jafnréttisлага eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Umræðu um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, þarf að taka upp árlega á starfsmannafundum og oftar ef þurfa þykir.

### 19. gr. Launajafnrétt

Konum og körlum er starfa í skólanum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf	Marka stefnu í jafnlaunamálum. Leiðréttla launin ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum kvenna og karla.	Skólastjórnendur/ launafulltrúi	Lok febrúar. 2019

## Skólanámskrá Fellaskóla

Konur og karlar skulu hafa jafna möguleika á launuðum viðbótarstörfum innan skólans.	Ávallt bjóða öllum að taka þá aukavinnu sem býðst	Skólastjórnendur	
Þess skal gætt að í skólanum ríki jafnlaunastefna.	Jafnlaunavottun	Sveitarfélag	

### 20. gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf. Einungis skal gera undantekningar um aðgengi karla og kvenna að störfum sé til þess ætlast að viðkomandi starfsmaður sinni baðvörslu stúlkna eða drengja.

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Að tryggja að laus störf standi opin til umsókna fyrir konur og karla	Störf auglýst þannig að höfði til beggja kynja. Velja hæfasta umsækjandann á grundvelli menntunar og reynslu	Skólastjóri/ fræðslustjóri	Apríl- júní. 2019
Jafna kynjahlutfall í starfsmannahóp	Þegar ráðið er í ný störf og valið er á milli jafn hæfra starfsmanna er ráðið það kyn sem er í minnihluta	Skólastjóri/ fræðslustjóri	Apríl- júní. 2019
Allir starfsmenn skólans hafi sömu möguleika til endurmenntunar.	Tryggt sé að bæði kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Allir starfsmenn eru hvattir til þess að sækja námskeið eða aðra endurmenntun sem nýtist þeim í starfi.	Skólastjóri	Allt árið

### 21. gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og bryнna fjölskylduaðstæðna.

## Skólanámskrá Fellaskóla

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Skólinn sé fjölskylduvænn vinnustaður sem leggur áherslu á jafnvægi milli vinnu og einkalífs	Starfsmenn skulu eiga kost á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa. Gæta skal að vinnuramma og vinna hann í samráði við starfsfólk eins og auðið er	Skólastjóri	2018-2019
Konur og karlar eru hvött til að sinna sameiginlegum skyldum sem foreldrar, t.d. fæðingarorlof, veikindaleyfi barna, foreldraviðtöl o.fl.	Kynna fyrir starfsfólk réttindi sín. Starfsmenn skulu ganga að störfum sínum að afloknum veikinda- eða foreldraleyfum eins og kveðið er á um í kjarasamningum	Skólastjóri / trúnaðarmaður	2018-2019

### Starfsfólk og nemendur

#### 22. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnanna og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólam. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að nemendur og starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundnum eða kynferðislegri áreitni í skólanum	Fræðsla Umræða Viðurlög	Kennrarar skólastjórnandi	Alltaf
Einelti og hverskyns ofbeldi og áreitni er ekki liðin	Unnið er markvisst að því að efla jákvæð samskipti milli nemenda og starfsmanna	Allir	Alltaf

## Nemendur

Lögð er áhersla á að nemendum lærist að þekkja og tjá tilfinningar sínar. Þeir eiga jafnframt að kunna að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú, fötlun eða kynhneigðar.

Kennsluaðferðir eða námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms. Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.

### 23. gr. Menntun og skólastarf

Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarf. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Skólinn leggur ríka áherslu á að eiga í jákvæðum samskiptum við nemendur, foreldra og aðra	Unnið samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár þar sem jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar	Skólastjóri	2018-2021
Að öllum líði vel	Tvisvar ár ári eru gerðar tengslakannanir meðal nemenda	Aðstoðarskólastjóri og umsjónakennrarar	Okt.2018/feb 2019.
Fræðsla um jafnrétti	Jafnréttis og mannréttindamál eru fléttuð inn í lífsleikni og almenna kennslu	Skólastjórnendur, umsjónakennrarar og kennrarar	Sett í skólanámskrár í upphafi skólaárs
Gæta skal að því í náms og starfsfræðslu að drengir og stúlkur fái sömu fræðslu um námsmöguleika og störf	Drengir og stúlkur fá sömu kynningar og fræðslu	Skólastjórnendur og umsjónakennrarar	Yfir skólaárið
Að gæta jafnréttis í starfi skólans og að borin sé virðing fyrir nemendum, og starfsfólk.	Í öllum samskiptum	Allir	Alltaf

Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Við undirbúning framtíðarstarfsvettvangs er mikilvægt að opna augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að námsval kynjanna verði minna kynbundið en hingað til. Það varðar

miklu að ekki halli á kynin í þeim viðfangsefnum sem nemendur fást við heldur grundvallist þau á jafnræði og jafnrétti (Aðalnámskrá grunnskóla 2011). Telji nemandi að jafnrétti sé brotið, á sér eða öðrum í skólanum skal hann leita til umsjónarkennara eða skólastjóra.

## Sköpun

Í Fellaskóla leggjum við áherslu á list og verkgreinar. List – og verkgreinar skiptast í myndmennt, textílmennt, smíðar og heimilisfræði. Þessar greinar skiptast niður í 4 lotur hjá hverju og einu stigi. Þannig er einn hópur af fjórum á yngsta stigi þrisvar sinnum í viku í myndmennt í sjö vikur en þá færst hann yfir í næstu list- og verkgrein. Að auki eiga nemendur á unglungastig kost á að velja skapandi greinar í vali.

Í ár er mjög öflugt samstarf í list- og verkgreinum og þar hafa kennarar sambætt bóklegar og verklegar námsgreinar í þeim þemum sem liggja til grundvallar í bóklegu námi. T.d hefur yngsta stig unnið með gróðurlendi og lífverur í september þar sem flestar námsgreinar eru tengdar því þema, útikennsla og rannsóknir.

Í þemavikunni vinnur allur skólinn að ákveðnu verkefni tengdu norrænu bókmenntavikunni og þar verður unnið þvert á skólann að skapandi verkefnum. Í lok þemavikunnar er foreldrum og grenndar samfélaginu boðið að líta afraksturinn augum.

Hefð er fyrir því að 9. bekkur gefi út skólablað og þar gefst nemendum úr öllum árgöngum tækifæri til þess að láta sljós sitt skína með myndverki, sögum, ljósmyndum eða ljóðum í blaðið.

Á hverju skólaárið er árshátíð í skólanum þar sem öllum foreldrum er boðið til veislus. Undirbúningur stendur yfir í mánuð a.m.k. og allir árgangar vinna að einhverju skapandi atriði s.s. leikrit, dans, söngleikur og fl. Hryggjarstykkið í árshátíðinni er leikrit 10. bekkjar en það er yfirleitt leikrit í fullri lengd.

Á aðventunni er lögð áhersla á sköpun með söng og skapandi verkefnum.

Tónlistarskóli Fellabæjar er staðsettur inni í Fellaskóla svo það er náið samstarf þar á milli. Mikill meiri hluti nemenda í Fellaskóla stundar nám við tónlistarskólann.

Á haustin tökum við þátt í BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á austurlandi. Þar er boðið uppá fjölbreytta listadagskrá frá menningarmiðstöðvum og söfnum á austurlandi.

## Lýðræði og mannréttindi

Við höfum kynnt okkur réttindasáttmála sameinuðu þjóðanna og á yngsta stigi hefur verið unnið með hann á markvissan hátt.

Eitt af stóru markmiðunum í skólastarfinu að efla sjálfstæði og sjálfræði nemenda í náminu. Í aðalnámskrá segir að mikilvægt sé að tekið sé tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi í skipulagi skóla. Þannig eru nemendur á unglungastigi með lotuskipulag þar sem þeir geta farið mismunandi leiðir að því að skila ýmsum verkefnum. Nemendur hafa einnig val um hvernær þeir vinna verkefnin í skólanum þegar lotutímar eru á dagskrá.

Á unglungastigi hefur skólinn tekið þátt í þróunarverkefninu "Bootcamp" í veturn. Allir skólar í sveitafélaginu Múlapíngi eru þátttakendur að verkefninu. Markmiðið með samvinnunni er að efla gagnrýna hugsun og ígrundun nemenda um grunngildi samfélagsins og efla tengingu og auka skilning á mismunandi högum og búsetu nemenda í dreifðu sveitafélagi.

## **Námsmat í Fellaskóla**

Megintilgangur námsmats er að fylgjast með hvernig sérhverjum nemanda tekst að ná námsmarkmiðum og örva hann til framfara.

Námsmat á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir. Námsmatið á einnig að vera nemendum námshvatning og örva þá til framfara.

Hægt er að fara ýmsar leiðir í skólastarfinu til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Því verða námsmatsaðferðir að vera fjölbreyttar.

Í námsmatinu skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs og það á jafnt við í bóklegu námi sem list- og verkgreinum. Innan hvers námssviðs skal einnig leggja mat á lykilhæfni nemenda.

Lykilhæfni er sameiginleg í öllum námsgreinum og hún er sett fram í fimm þáttum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega og skriflega. Hæfni til að miðla og flytja máli sit tog taka þátt í samræðum og rökræðum
- Skapandi hugsun og frumkvæði. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, beita gagnrýnni hugsun og færa rök fyrir máli sínu.
- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt. Hæfni nemenda til að vinna með öðrum og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nota mismunandi miðla í þekkingarleit og vinnu.
- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Til að meta lykilþætti í vinnulagi nemenda metum við einnig þrautseigju og hegðun.

Við aðhyllumst hugarfar vaxtar og lítum á matskvarðann sem tröppur. Þannig erum við sannfærð um að allir geti bætt við sig þekkingu og færni og fikrað sig upp stigann. Þá reynir á lykilþættina þrautseigju, frumkvæði, samskipti, samvinnu og námsvitund í hugarfari og vinnulagi nemenda.

Námsumhverfið þarf að vera hvetjandi, bæði fyrir nemendur og kennara.

Fjölbreytni í námsmati:

Námsmatsverkefni þurfa að vera fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg, skrifleg, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unni eru á afmörkuðum tíma.

Við notum fjölbreyttar aðferðir til að meta hæfni nemenda s.s. skimanir, ferilmöppur, námsmöppur, prófamöppur og verkefnamöppur til námsmats. Gerum hugarkort, tökum próf þar sem við metum afmarkaða námsþætti og gefum fyrir í tölustöfum ef svo ber undir. Samræða og ígrundun eru mikilvægar leiðir í að efla og meta færni nemenda á eigin frammistöðu, viðhorfum og ábyrgð.

## Skólanámskrá Fellaskóla

Skólaárinu í Fellaskóla er skipt upp í þrjár annir.

Fyrstu önn lýkur í nóvember, annarri í mars og þeirri þriðju við skólalok ársins

1. önn	2. önn	3. önn
<p>Samtölin á foreldradögum að hausti eru nemendastýrð. Pannig eru nemendur búnir að undirbúa sig undir að segja foreldrunum frá því sem þeir hafa verið að læra og vinna með í skólanum.</p>	<p>Námsmatið snýr að mestu um líðan nemenda, vinnulag, ábyrgð og hegðun. Nemendur ásamt foreldrum fylla út mat á líðan, vinnuframlagi og fl. í Námfús og slíkt hið sama gera kennrarar varðandi nemendur. Að auki eru metnir afmarkaðir námslegir þætti út frá markmiðum og skipulagi náms á hverju stigi.</p>	<p>Hér fá nemendur vitnisburð sem inniheldur matkvarðann A-D þar sem metin er lykilhæfni í hverjum námsþætti fyrir sig og hæfni þeirra námsþáttu sem unnið var með á skólaárinu.</p>

Foreldrasamtöl fara fram í skóla þar sem nemandi, foreldrar og kennrarar fara yfir önnina og matsatriðin.

Námsmatið á að gefa nemanda og foreldrum glögga sýn á hvar nemandinn er staddur hverju sinni og veita honum hugrekki og áræðni til að bæta við sig. Nám og kennsla og námsmat eru órjúfanleg heild þar sem námið og kennslan tekur mið af námsmatinu og námsmatið byggir á tækifærunum sem nemandinn fékk til þess að örðlast aukna færni ásamt því hvernig nemandinn vann með lykilhæfnina s.s. bera ábyrgð á eigin námi, vinna sjálfstætt, vinna með öðrum og undir leiðsögn, viðhorf til náms og hegðun.

Skólaárið 2021 – 2022 eru kennrarar þátttakendur í leiðsagnarnámi. Einn af grunnþáttum leiðsagnarnáms er að vinna með viðhorf nemenda til sín, annarra og námsins. Námsmatskvarðar á yngsta stigi taka mið af þessu og þar hljóðar matið, markmiði náð, þarf að vinna betur með og er á réttri leið. Þetta teljum við í fullu samræmi við hugarfar vaxtar sem við erum að vinna að innleiðingu á í menningu skólans.

Leitast er við að hafa námsmat þannig að það sé fjölbreytt og leiðbeinandi fyrir nemandann og að hann sjái á hverjum tíma hvar hann stendur í náminu. Notast við: símat, leiðsagnarmat og lokamat sem framkvæmt er af kennurum. Einnig er notað frammistöðumát sem er sjálfsmat nemenda á virkni, viðhorfi og áhuga. Kennrarar gera samskonar frammistöðumát fyrir nemandann. Í foreldraviðtölum þar sem nemandi, foreldrar og bekkjarkennari hittast er frammistöðumatið til umræðu.

Markmiðið með fjölbreyttu námsmati er til að vægi prófa fari minnkandi og vinna nemenda verði metin jafnt og þétt. Lögð er áhersla á það að nemendur geti sýnt þekkingu sína og hæfni með fjölbreyttum hætti.

Nemendur í 10. bekk útskrifast eftir matskvarða aðalnámskrár grunnskóla (<https://vefir.mms.is/namsmat/matsvidmid.html>) , skólum er skylt að nota þann matskvarða við brautskráningu nemenda.

Námsmati eru gerð skil inni í Námskrá skólans sem hægt er að sjá á heimasíðu skólans <https://www.fell.is/> undir flípanum Námið.

## Námfús

Í Fellaskóla er notast við skráningarkerfi sem heitir Námfús. Þar er að finna upplýsingar er varða nemendur, s.s. ástundun, stundaskrá, námsmat o.fl. Þar fer einnig fram skráning í foreldraviðtöl.

Foreldrar hafa fengið send lykilorð til að geta skráð sig inn á [www.namfus.is](http://www.namfus.is).

## Skil á námsmati til foreldra

Formleg skil á námsmati eru þrisvar á skólaárinu, á haust- og miðönn eru þau í tengslum við foreldrasamtöl, en á vorönn er námsmatið afhent við skólaslit.

## Samræmd próf

Nemendur breyta samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk. Á þessu skólaári voru samræmd próf í endurvinnslu hjá Námsmatsstofnun svo þau voru ekki á dagkrá á haustönn 2021. Nemendur í 9. bekk hafa breytt samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku á vorönn. Skólaárið 2021 – 2022 eru engin samræmd próf á dagskrá. Nánar má lesa um framkvæmd samræmdra prófa á vef Menntamálastofnunar ([www.mms.is](http://www.mms.is))

## Forföll og leyfi nemenda

### Forföll

Foreldrum ber að láta ávallt vita um forföll nemenda eins fljótt og auðið er. Forföll nemenda er hægt að tilkynna inn í skólasímann 4 700 640, eða í tölvupósti [fellaskoli@fell.is](mailto:fellaskoli@fell.is). Foreldrar skulu tilkynnt daglega um forföll, ef vitað er fyrir fram að um lengri forfallatíma sé að ræða skal tilkynna það strax. Geti nemandi ekki tekið þátt í íþróttum eða sundi láta foreldrar íþróttakennara og umsjónarkennara barnsins vita af því.

### Leyfi

Ef nemandi þarf að fá leyfi frá skóla þurfa foreldrar að hafa samband við umsjónarkennara ef um er að ræða leyfi í einn til two daga. Ef um lengra leyfi er að ræða þarf að sækja um það til skólastjórnenda. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að nemendur vinni upp það sem þeir kunna að missa úr námi á meðan á leyfi stendur.

*Í grunnskóலalögum segir að heimilt sé að veita leyfi með því skilyrði að forráðamenn sjái til þess að nemandinn læri það sem hann missir úr námi og að það sé gert á meðan á leyfinu stendur.*

## Móttaka nýrra nemenda

Móttökuáætlun Fellaskóla er ætlað að auðvelda upphaf skólagöngu nýrra nemenda. Henni er ætlað það hlutverk að tryggja upplýsingaflæði á milli aðila, að upplýsa nemendur og foreldra um skólasamfélagið og þá þjónustu sem er til staðar og tryggja að skóli/kennrarar fái þau gögn og upplýsingar um nemandann sem nauðsynlegt er talið að komist til skila.

Áætluninni er ætlað að tryggja að strax í upphafi komist á jákvæð samskipti milli aðila sem er mikilvægt þegar byggja á upp það traust sem Fellaskóli leggur mikla áherslu á í samskiptum milli heimils og skóla.

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að allir grunnskólar skuli hafa móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Áætlunin á að taka mið af bakgrunni nemenda, tungumálfærni og hæfni þeirra á öðrum námssviðum. Auk þess á áætlunin að tryggja að nemendur og foreldrar þeirra fái upplýsingar um skólann og ráðleggingar um skólastarfið.

Móttökuáætlun Fellaskóla felur í sér innritun nemanda, móttökuvíðtal, undirbúning fyrir komu nemanda, upplýsingamiðlun innan skólans og til annarra foreldra og fyrstu skref nemandans í skólanum. Í móttökuteymi eru skólastjórnandi, umsjónarkennari og deildarstjóri sérkennslu. Einn aðili í teymi er skipaður móttökustjóri.

---

### **Innritun nemanda**

#### **Skólastjórnandi**

- Aflað er gagna frá fyrri skólum með leyfi foreldra/forráðamanna.
- Umsjónarkennara tilkynnt um komu nemanda.
- Móttökuvíðtal undirbúið og tímasett í samráði við foreldra/forráðamenn.
- Gengið frá túlkaþjónustu ef þarf.

### **Móttökuvíðtal**

#### **Ábyrgð: Móttökustjóri**

Viðtalið sitja nemandi, foreldrar/forráðamenn, skólastjórnandi, umsjónarkennari, deildarstjóri sérkennslu og túlkur ef á þarf að halda. Í viðtali:

- Eru fengnar persónuupplýsingar frá foreldrum/forráðamönum (og nemanda).
  - Eru veittar upplýsingar um skólann, nám, gæslu og félagsstarf.
  - Er farin kynnisferð um skólann.
  - Er fyrsti skóladagurinn ákveðinn.
  - Er ákveðið hvernig haga skuli samskiptum milli skóla og heimilis (sími, tölvupóstur, hvaða tungumál notað og túlkaþjónusta ef þarf).
  - Er næsti fundur ákveðinn í samráði við foreldra/forráðamenn.
- 

### **Undirbúningur í bekk**

#### **Ábyrgð: umsjónarkennari**

- Nemendum í bekknum sagt frá nýja nemandanum og/eða nemandi segir frá sjálfum sér ef hann treystir sér til með aðstoð umsjónarkennara.

- Heimaland nemandans kynnt og nemandi með í ráðum ef hann vill.
- Foreldrum nemenda í bekknum greint frá komu nýja nemandans í gegnum tölvupóst.

## Undirbúningur starfsfólks Fellaskóla

### Ábyrgð: umsjónarkennari og deildarstjóri sérkennslu

- Á kennarafundi sagt frá nemanda og greint frá námslegri og félagslegri stöðu hans.
- Aðrir starfsmenn skólans fá grunnupplýsingar og upplýsingar um félagslega stöðu nemandans.
- Til að byrja með er einn starfsmaður/skólaliði valinn til að vera tengiliður við nemanda fyrir utan skólastofu. Þörf fyrir tengilið endurmetin eftir um 4 vikur.

---

## Fyrstu skrefin í skólanum

### Ábyrgð: umsjónarkennari og skólastjórnavandi

- Nemandi studdur í samskiptum við bekkjarfélaga.
- Stöðumat í íslensku lagt fyrir nemanda eftir 3 – 4 vikur og umsjónarkennari og deildarstjóri sérkennslu/sérkennari meta þörf fyrir frekari íslensku kennslu. Hafa þarf í huga réttindi nemanda með annað móðurmál en íslensku á aukinni íslensku kennslu.
- Einstaklingsnámsskrá eða aðlöguð námsskrá ef þurfa þykir.
- Aðrir kennrar en umsjónarkennari upplýsa umsjónarkennara um námslega stöðu nemanda eftir 4 vikur.

### Samstarf skóla og heimilis

#### Ábyrgð: umsjónarkennari og skólastjórnavandi

Foreldrar/forráðamenn eru upplýst um náms- og félagslega stöðu nemanda eftir 4 vikur.

Foreldrum/forráðamönnum er leiðbeint um stuðning við nám barns síns.

Reglulegum fundum komið á milli heimili og skóla sé þess talin þörf.

---

## Samstarf við aðra skóla og stofnanir

### Fellaskóli og leikskólinn Hádegishöfði

Samstarf er á milli Fellaskóla og leikskólans Hádegishöfða, en þaðan koma flestir nemendur sem hefja skólagöngu í 1. bekk í Fellaskóla. Tilgangur samstarfsins er að auðvelda nemendum að flytjast á milli skólastiga. Skólastjórar skólanna, umsjónarkennari 1. bekkjar og leikskólkennari elsta árgangs leikskólans sjá um að skipuleggja samstarfið. Það felur í sér heimsóknir á milli skólanna þ.e. nemendur í elsta árgangi Hádegishöfða og 1. bekkur Fellaskóla fara í reglulegar heimsóknir í skólana yfir veturinn. Auk þess er tilvonandi 1. bekk boðið í vorskóla vorið áður en þau hefja skólagöngu í Fellaskóla og haldinn er skilafundur milli skólastiganna.

## Skólanámskrá Fellaskóla

Að hausti er verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum/forráðamönnum þeirra boðið í heimsókn í skólann þar sem skólastjóri og umsjónarkennari taka á móti þeim og kynna fyrir þeim starfsemi og skipulag skólans.

Huga þarf sérstaklega að þeim nemendum sem ekki koma úr leikskólanum Hádegishöfða og þá ekki síst þegar kemur að félagslegum tengslum.

Umsjónarkennari 1.bekkjar tekur á móti 6 ára börnunum og foreldrum þeirra með um klst. fundi seinni part dags á starfsdegi fyrir skólastningu að hausti. Allir eru boðnir velkomnir í skólann og skólastjóri og umsjónarkennari kynna sig. Svo er skipt í two hópa: foreldra og nemenda.

Umsjónarkennari spjallar við nemendur í um 20 mín. (t.d. til að læra nöfn þeirra, renna yfir stundatöflu ef hún er tilbúin, útskýra hvað þeir munu gera fyrstu dagana og hvað þeir þurfa að hafa með sér eða fara í leik eða stutta æfingu til að athuga í stuttum dráttum hve vel þeir þekkja bókstafi og tölur). Á meðan gengur skólastjóri með foreldra um skólann. Þá er skipt og skólastjóri sýnir nemendum skólann á meðan umsjónarkennari ræðir við foreldra m.a. um fyrstu dagana, stundatöflu og mikilvægi þátttöku heimilisins í námi barnsins.

Elsti árgangur leikskólans Hádegishöfða (verðandi 1. bekkur) kemur mánaðarlega í heimsókn og fylgir 1. bekk í um hálfan dag í senn. Eftir veturinn er gert ráð fyrir að þau hafi farið í flestar kennslustundir innan veggja skólans, auk íþrótt og sunds. Þessum heimsóknum lýkur svo með Vorskóla, þar sem leikskólinn fylgir fyrsta bekk í 2 daga í grunnskólanum. Fyrsti bekkur í Fellaskóla fer einnig í heimsóknir í sinn gamla leikskóla og hittir þar fyrir starfsfólk og fyrrum samnemendur af leikskólanum.

## Fellaskóli og Grunnskólinn Borgarfirði eystra

Um áramótin 2020 – 2021 varð grunnskólinn á Borgarfirði deild undir Fellaskóla. Þar hefur nemendum fækkað og eru fjórir á vorönn 2021 og þar af einn í 10. bekk. Fyrirkomulagið 2021 – 2022 er með þeim hætti að nemendur og kennrar á Borgarfirði koma í Fellaskóla á miðvikudögum og sækja þá námið með jafnöldrum sínum það. Kennrar grunnskólans á Borgarfirði og kennrar Fellaskóla eru í samstarfi um nám og kennslu nemenda.

Skólastjóri Fellaskóla er skólastjóri beggja skólanna en á Borgarfirði er starfsandi deildarstjóri sem sér um alla daglega umsýslu þar.

## Grunnskólar í sameiginlegu sveitafélagi Múlapings

Í sameiginlegur sveitafélagi Múlapingi eru nú 6 grunnskólar. Skólastjórnendur vinna saman og funda reglulega undir stjórn fræðslustjóra. Grunnskólarnir eru Brúarásskóli, Djúpavogsskóli, Egilsstaðaskóli, Fellaskóli, Grunnskólinn á Borgarfirði eystra og Seyðisfjarðarskóli.

## Brúarásball:

Á hverju skólaári er haldin samkoma í Brúarási sem nemendur og stafsmenn í Brúarásskóla skipuleggja. Samkoman er ætluð miðstigsnemendum í grunnskólum á Fljótsdalshéraði, 5. – 7. bekk.

### **Mývatnsferð:**

Nemendur í sjöunda bekk í Fellaskóla, Borgarfirði eystra og Egilsstaðaskóla fara á vorin í náttúru- og fuglaskoðunarferð í Mývatnssveit og dvelja þar við leik og störf í 3 daga.

### **Náttúruskólinn í Fljótsdal:**

Fellaskóli er í samstarfi við nýjan Náttúruskóla á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal þar sem nemendur af yngsta og miðstigi voru two daga í námi tengdu útiveru og fræðslu tengda því hvernig maður ber sig að í náttúrunni s.s. að elda við opinn eld, að kveikja eld, að baka lummur úti, að sitja hest og margt fl.

Skólaárið 2022 – 2023 fá allir nemendur að fara í Náttúruskólann, miðstig fer að hausti, yngsta stig í jan/ feb og unglungastig í vorferð.

## **Skóladagatal og hefðbundnir viðburðir**

Skóladagatal er að finna á heimasíðu skólans. Það sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. Skóladagar eru 180 og þar af er miðað við allt að 10 dögum með skertri/sveigjanlegri kennslu, það er að segja nemendur eru ekki fullan skóladag í skólanum.

### **Útivika**

Fyrstu dagar hvers skólaárs eru helgaðir útivist. Þá daga eru nemendur með umsjónarkennara sínum og e.t.v. fleiri bekkjum við leik og störf. Einn dag í útvikunni er farið í lengri gönguferð.

### **Öskudagur**

Öskudagur er skertur skóladagur en þá er styttri viðvera en aðra daga. Nemendur mæta klæddir í öskudagsbúninga og er haldið upp á daginn á sal skólans þar sem farið er í leiki, dansað og kötturinn sleginn úr tunnunni.

### **Kynningarkvöld**

Kynningarkvöld með foreldrum er í október. Á þessum kvöldi kynna nemendur og kennrarar fyrir foreldrum starfsáætlun vetrarins, fyrirkomulag námsins, tengiforeldrar eru valdir og fleira tekið fyrir sem mikilvægt er. Fundirnir eru kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að ræða saman um ýmis málefni barna sinna s.s. samskipti, útivistartíma, o.fl.

### **Foreldrasamtöl**

Foreldradagur er í október og febrúar. Í október kynna nemendur námið fyrir foreldrum sínum, í febrúar mæta foreldrar og barn til samtals við kennara um líðan og frammistöðu.

Í upphafi skólaárs eru foreldrar nemenda í 1. bekk ásamt nemendum boðaðir á fund með umsjónarkennara og skólastjóra.

## Skertir dagar

Skertir dagar á skóladagatali eru tú talsins. Þeir eru: Tvöfaldir skóladagar eru kynningarkvöld, föndurdagur, skólasamkoma og útvistardagur að vori. Skertir dagar með styttri viðveru eru skólastuning, foreldrasamtöl (x2), litlu jólin, öskudagur, föstudagurinn stutti og skólaslit.

## Jólaþemadagur

Á jólaþemadag er skólanum breytt í bíohús og fá nemendur að velja á milli tveggja jólamynda til að horfa á um morguninn. Að sjálfsögðu er boðið upp á popp - eins og almennilegum bíohúsum sæmir. Eftir hádegi er bekkurinn með umsjónarkennara sínum.

## Þorrablót

Þorrablót Fellaskóla er haldið á Bóndadegi ár hvert. Þorrablótsskipulag er í höndum 8. bekkjar, en allir bekkir fá tækifæri til að koma með skemmtiatriði. Þorrablótið fer fram í hádeginu og er þá etinn þorramatur, sunginn fjöldasöngur og dansað.

## Skíðaferðalag

Reynt er að fara í skíðaferð einu sinni hvert skólaár. Þá fara allir nemendur skólans saman og verja einum skóladegi í fjallinu. Skíðaferðin er farin á skíðasvæðið í Stafdal. Sá dagur er settur 14. febrúar á skóladagatalið, en endanleg dagsetning ræðst af veðri og snjóalögum. Hægt er að leigja búnað í Stafdal en mælst er til þess að þeir sem geta mæti með eigin búnað eða fái lánað, þar sem leigubúnaður er af skornum skammti. Skíði, snjóbretti, gönguskíði, sleðar og snjóþotur eru leyfileg en ekki uppblásnir belgir eða diskar vegna slysahættu. Allir nemendur borga lítið gjald til skíðasvæðisins fyrir afnot af aðstöðunni, undanfarin ár hefur það verið 500 kr. Leiga á búnaði er þar fyrir utan.

## Skólasamkoma

Skólasamkoma er haldin á vorin og hefðbundið er að halda stóra samkomu þar sem foreldrum er boðið að horfa á skemmtiatriði og þiggja veitingar. Elstu nemendur hafa æft leikrit og það er þungamiðja dagskrárinna.

## Föstudagurinn stutti

Daginn eftir árshátíð er föstudagurinn stutti haldinn hátíðlegur. Þann dag snýst skólastarfið að mestu um páskaföndur þar sem nemendur geta valið sig á stöðvar eftir áhugasviði. Í hádeginu borða allir saman áður en haldið er í páskafrí.

## Mývatnsferð

Árlega er farið með 7. bekk í námsferð að Mývatni. Sú ferð er farin í samstarfi við aðra skóla á Fljótsdalshéraði og í samvinnu við Umhverfisstofnun. Gist er í 2 nætur og unnin verkefni í tengslum við jarðfræði og náttúrufræði á svæðinu.

### **Skólaferðalag 9. og 10. bekkjar**

Nemendur í 9. og 10. bekk fara í skólaferðalag annað hvert ár. Þegar nemandi fer á unglingsastig hefst söfnun fyrir skólaferðalaginu. Söfnunin er í höndum foreldra og barnanna á unglingsastigi. Undanfarin ár hefur verið farið í Skagfjörð í 3 daga en þar er boðið uppá fjölbreytta dagskrá s.s. rafting, litabolta árás, hestaferðir og fl.

## **Öryggis- og slysavarnir**

### **Viðbrögð við slysum**

Ef slys ber að höndum í námsferðum eða skólaferðalögum þar sem erfitt er að ná í aðstoð vegna fjarlægðar frá þéttbýli, þá er hringt á neyðarnúmer 112.

Síðan er hringt strax í foreldra/forráðamenn. Alvarleiki metinn: Kannið meiðsli, forðið frekara slysi og veitið fyrstu hjálp. Hreyfið ekki við barni sem hefur hugsanlega fengið áverka á hálsi, höfði eða hrygg og stöðvið blæðingu ef hún er til staðar.

Alvarlegt slys:

Hringja strax í neyðarlínu 112, ef um meiri háttar meiðsli er að ræða og kalla út sjúkrabíl og fá beint samband við lækni. Fylgja fyrirmælum læknis. Sá sem kemur að slysinu sér til þess að haft sé samband við foreldra eins fljótt og hægt er.

Minna alvarlegt slys:

Meta alvarleikann og /eða kalla til hjúkrunarfræðing á viðverutíma skólahjúkunarfræðings í skólanum. Hafa samband við vakthafandi lækni eða fara með nemendur á heilsugæslu, til að láta kanna minni háttar meiðsli ef þurfa þykir. Sími HSA: 470 3000.

Sá sem kemur að slysinu fyllir út slysaskráningu inn á heimasíðu Múlaþings undir atvikaskráning. Gæta þarf þess að veita öðrum nemendum áfallastuðning ef þeir verða vitni að alvarlegu slysi.

### **Brunavarnaráætlun nemenda**

#### **Eldur kvíknar**

##### **Nemendur eru í skólastofum:**

- Brunavarnakerfi fer í gang
- Kennari fylgist með á gangi, hvað er að gerast, hvar eldur er
- Nemendur bíða rólegir og fara í stafrófsröð
- Kennari hefur nafnakall og talningu á nemendum
- Nemendur fylgja kennara út í röðum þá leið sem kennarinn ákveður að söfnunarstað sem er fótboltavöllurinn.

**Nemendur eru ekki í skólastofum:**

- Brunavarnakerfi fer í gang
- Nemendur gera vart við sig hjá kennara/starfsmanni þannig að hægt sé að hafa yfirsýn yfir hópinн
- Kennari telur nemendur og nemendur fylgja kennara/starfsmanni út
- Allir fara stystu leið út á söfnunarstað/fótboltavöll

**Brunavarnaráætlun starfsfólks**

Ef eldur kvíknar: Við eldsvoða ber að fylgja eftirfarandi röð á eftirtoldum meginreglum:

1. LÍFSBJÖRGUN

2. SÆKJA HJÁLP OG HRINGJA Í 112

3. SLÖKKVA ELDINN! AÐGERÐIR:

- Brunavarnarkerfi fer í gang
- Starfsfólk fer og athugar hvar eldur er- yfirgefur þó ekki nemendahóp ef er einn með hópinн
- Stjórnendur skólans ákveða aðgerðir og skipta liði
- Skipuleggja rýmingu og koma upplýsingum til kennara/starfsmanna í stofum
- Reynt að slökkva eldinn ef ástandið er metið svo
- Kennrarar fara með nemendur í röðum skv. stafrófsröð nemenda
- Fer niður á fótboltavöll með nafnalista yfir nemendur og (skólastjórnendur með lista yfir starfsfólk)

Ef nauðsyn ber til þá er farið með nemendur út í íþróttahús

- Mikilvægt að allir haldi ró sinni, bíði eftir fyrirmælum

**Óveður**

Skólahald verður með eðlilegum hætti nema annað sé auglýst á heimasíðu eða með skilaboðum. Foreldrar meta sjálfir hvort þeir treysta börnum sínum til að sækja skóla vegna veðurs/færðar og eru beðnir að láta skólann vita ef þau koma ekki. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 – 16:00 alla daga.